

21. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)

Haldinn þriðjudaginn 18. júní 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, og Þórir Garðarsson, öll frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, var fjarverandi vegna þingflokksfunda en Hildur Sverrisdóttir, aðstoðarmaður, sat fundinn í hennar stað og stýrði fundi í fjarveru ráðherra. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra voru fjarverandi vegna þingflokksfunda. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, var fjarverandi en Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Björgólfur Jóhannsson og Ingibjörg Ólafsdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar voru fjarverandi.

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).
Fundargerðir tveggja síðustu funda voru samþykktar og verða birtar á vefsíðu ANR.
2. Stefnumótun og aðgerðaáætlun 2020-2025: val á ráðgefandi aðila - tillaga valnefndar (*framkvæmdastjóri*).
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að samband hefði verið haft við sjö ráðgjafafyrirtæki sem boðið var að kynna aðferðafræði og nálgun á vinnu við aðgerðabundna stefnumótun ferðaþjónustunnar. Eftir umfjöllun valnefndar sem skipuð hefði verið fulltrúum ráðherra ferðamála, Samtaka ferðaþjónustunnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stjórnstöðvar ferðamála væri nú gerð tillaga um að ganga til viðræðna um ítarlegri útfærslu og kostnað við verkfræðistofuna EFLU annars vegar og ráðgjafafyrirtækið Expectus hins vegar, en báðir þessir aðilar væru með tengsl erlendis, þ.e. í Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Í framhaldinu yrði samið við það fyrirtæki sem byði betur í aðferðafræði og kostnaði. Búast mætti við að kostnaður við verkefnið yrði á bilinu 30 m.kr. hjá báðum þessum aðilum og greiddur af Stjórnstöð ferðamála. Þetta var samþykkt.
3. Vegvísun að áfangastöðum: brún skilti - mótun viðmiða (*framkvæmdastjóri*).
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir samtölum sínum við hagaðila varðandi sk. brún skilti. Framkvæmdastjóri lagði til að Ferðamálastofu yrði falið að vinna tillögur um viðmið og skilyrði sem tilbúnar yrðu haustið 2019.
Ákveðið að Ferðamálastofu yrði falið að setja fram drög að hugmynd sem síðan yrði rædd aftur á stjórnarfundum.
4. Talningar: samþætting umferðartalninga og talninga ferðamanna á áfangastöðum (*framkvæmdastjóri*).

Fundarmenn voru sammála um að viðvera ráðherra væri forsenda fyrir samtali um samþættingu talninga.

Ákveðið að Stjórnstöð ferðamála yrði falið að skoða málið nánar og meta geranleika verkefnsins.

5. Jafnvægisás ferðamála: þriðji áfangi - næstu skref (*framkvæmdastjóri*).
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að fundum með hagaðilum í Reykjavík og á Akureyri væri lokið og að málið færi nú á samráðsgátt stjórnvalda.
Í ljósi þess að verkefnið fer nú í samráðsferli verður málið tekið fyrir á nýjan leik og rætt hvernig hægt sé að þróa jafnvægisásinn/álagsmatið áfram sem stjórnþæki, m.a. til að innleiða stýringu á ákveðnum stöðum til að vernda náttúruna.
6. Áfangastaðastofur DMO: bestu viðmið - tillögur frá Daniel Byström (*ferðamálastjóri*).
Ferðamálastjóri gerði grein fyrir því að sænski ráðgjafinn Daniel Byström hefði verið fenginn til að leita fyrirmýnda um hvar væri verið að koma á fót áfangastaðastofum og hvaða hlutverk þær hefðu. Hann hefði m.a. leitað fanga í Austurríki, á Nýja-Sjálandi, í Noregi og Skotlandi.
Ákveðið að fresta umræðu en skoða málið áfram milli funda.
7. Möguleg viðbrögð við stöðu ferðaþjónustunnar (*framkvæmdastjóri og ferðamálastjóri*).
Framkvæmdastjóri og ferðamálastjóri gerðu grein fyrir hugmyndum um möguleg viðbrögð vegna fyrirséðs samdráttar í komu ferðamanna og veltu því upp hvort hægt væri að ráðast í aðgerðir sem myndu laga stöðuna til skemmri tíma litið.
Umræðu um málið frestað.
8. Önnur mál.
Ferðamálaráðherra kom til fundar rétt fyrir lok hans.
Fundi slitið kl. 16:45.